

30. júní 2011
SI 76225

Árni Páll Árnason
efnahags- og viðskiptaráðherra
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti
Skuggasundi 3
150 Reykjavík

Efni: Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu umfram fráviksmörk

Meðfylgjandi greinargerð er send í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabankans frá 27. mars 2001 þegar bankanum var sett verðbólguþakmið. Samkvæmt yfirlýsingunni skal stefnt að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%. Víki verðbólga meira en 1½ prósentu frá markmiðinu ber Seðlabankanum að senda greinargerð til ríkisstjórnar þar sem fram komi hverjar bankinn telur vera meginástæður fráviksins, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hve langan tíma hann telur að það muni taka að ná verðbólguþakmiðinu á ný. Greinargerðina skal birta opinberlega.

Rétt er að ítreka að ofangreind fráviksmörk fela ekki í sér aðra formlega kvöð af hálfu Seðlabankans en þá að senda umrædda greinargerð ef verðbólgan fer út fyrir þau. Í verðbólguþakmiðinu felst að halda skuli verðbólgu sem næst 2½% að jafnaði en ekki einungis á bilinu 1-4%. Því er ekki sjálfgefið að gripið verði til sérstakra aðgerða á jöðrum fráviksmerkanna. Ástæða þeirra er að þó svo að verðbólga ákvarðist af peningastefnunni til langs tíma geta aðrir þættir valdið því að verðbólga víki tímabundið frá markmiðinu. Ástæður slíkra frávika geta stundum verið þess eðlis að ekki sé rétt eða tímabært að bregðast við með aðgerðum í peningamálum, t.d. ef orsakanna er að leita í tímabundnum utanaðkomandi olíu- eða hrávöruverðshækkunum.

Eins og fram kemur í greinargerðinni er ein helsta ástæða aukinnar verðbólgu á undanförunum mánuðum hækkun hrávöru- og olíuverðs á alþjóðlegum mörkuðum, sem í sjálfu sér kallar ekki á aðgerðir í peningamálum. Mælikvarðar á kjarnaverðbólgu sem undanskilja þessa og aðra sveiflукennda liði eru enn nálægt verðbólguþakmiði, þótt verðbólga á þennan mælikvarða hafi einnig hækkað umtalsvert á undanförunum mánuðum. Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur því lýst þeirri skoðun sinni að líkur á hækkun vaxta hafi aukist. Eftir sem áður munu einstakar vaxtaákvarðanir velta á ástandi og horfum eins og þær eru metnar á hverjum tíma. Verðbólga mun að líkindum aukast

frekar á komandi mánuðum, en haldist gengi krónunnar stöðugt ætti hún hníga að markmiði á næsta ári. Þessar horfur eru þó eins og allajafna óvissar.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Fylgiskjöl: Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu umfram fráviksmörk

Samrit:
Forsætisráðherra
Fjármálaráðherra